Northern Pacific
— og —
Manitoba-jarnbrutin

SELUR FARBRJEF

Til allra staða í Canada og Bandaríkjunum við

lægra verði en nokkru sinni fyr.

Northern Pacific & Manitoba-fjelagið hefur á ferðinni

LEST Á HVERJUM DEGI

útbúna með allar nýustu uppfindingar er að þægindum lúta, svo sem DINING CARS og PULLMAN SLEEPERS, sann nefndar hallir á hjólum. Veitir fjelagið þannig viðskiptamönnum sínum, þægilega, skemmtilega og hraðri ferð austur, vestur og suður. Lestirnar ganga inn í allar *Union* vagnstöðvar.

Allur flutningur til staða í Canada merktur: „Í ábyrgð", svo að menn sje lausir við tollþras á ferðinni.

EVRÓPU-FARBRJEF SELD

og herbergi á skipum útvegur, frá og til Englands og annara staða í Evrópu.

Allar bestu „linurnar" úr að velja.

HRINGFERDARFARBRJEF

til staða við Kyrrahafsströndina fast hvenær sem er, og gilda um 6 mánuði.

Frekari upplýsingar gefa umboðsmenn fjelagsins hvort heldur vill skriflega eða munnlega.

H. J. BELCH,
farbrjefa agent 285 og 486 Main St., Wpg.
HERBERT SWINFORD,
aðal-agent - - - - - 457 Main St. Winnipeg.
J. M. GRAHAM, aðal-forstöðumaður.

HILLS & ELIOTT.

Barristers, Attorneys, Solicitors &c.

Skrifstofur 381 Main St., upp yfir *Union Bank of Canada.*

G. HILLS. G. A. ELIOTT.

MAIL CONTRACTS.

INNSIGLUÐ BOÐ send póstmálastjóra ríkisins, verða meðtekin í Ottawa þangað til á hádegi á föstudaginn 23. mai næstkomandi, um póstflutning samkvæmt fyrirhuguðum samningi um fjögra ára tíma, frá 1. júlí næstkomandi, á milli siðartaldra póststöðva.

OSSAWA og POPLAR POINT tvisvar í viku; vegalengd um 7 milur.

RAT PORTAGE og RAILWAY STATION þríttugu og fjórum (24) sinnum í viku; vegalengd um ¼ milu.

ROSSER og RAILWAY STATION, tólf (12) sinnum í viku; vegalengd um ⅛ milu.

Prentaðar auglýsingar, gefandi nánari upplýsingar, svo og eyðublöð fyrir boðin, fást á ofantöldum póststöðvum og á skrifstofum undirritaðs.

W. W. McLEOD,
Post Office Inspector.

Post Office Inspectors Office,
Winnipeg, 11th april 1890.

THE GREAT NORTHERN Railway.

Jarnbrautarlestirnar á Great Northern Railway fara af stað af C. P. R.-vagnstöðinni í Wpg. á hverjum morgni kl. 9,45 til Grafton, Grand Forks, Fargo, Great Falls, Helena og Butte. Þar er gert nákvæmt samband á milli allra helztu staða á Kyrrahafsströndinni. Einnig er gert samband í St. Paul og Minneapolis við allar lestir suður og austur.

Tafarlaus flutningur til Detroit, London, St. Thomas, Toronto, Niagara Falls, Montreal, New York, Boston og til allra helztu borja í Canada og Bandaríkjum.

Lægsta gjald, fljótust ferð, vissst brauta-samband.

Ljómandi DINING CARS og svefnvagnar fylgja öllum lestum.

Sendið eptir fullkominni ferðaætlun, verðlista og ástlun um ferðir gufuskipa.

Farbrjef seld til Liverpool, London, Glasgow og til allra helztu staða Norðursálfunnar, fyrir lægsta verð og með bezta línum.

H. G. McMICKEN,
Aðal-Agent,
376 Main St. Cor. Portage Ave., Winnipeg.

W. S. ALEXANDER, Aðal flutningsstjóri. St. Paul
F. I. WHITNEY, Aðal farbrjefa Agt. St. Paul.

LESTAGANGS-SKÝRSLA.

Far gjald.	Fara norður.		VAGNSTÖÐVAR.	Fara suður.	
$	12,50	k	Winnipeg	9,45	f
2,65	10,25	f	Greton	12,15	e
2,75	10,10	f	Neche	12,45	e
3,05	9,53	f	Bathgate	1,02	e
3,25	9,42	f	Hamilton	1,14	e
3,50	9,26	f	Glasston	1,31	e
3,75	9,13	f	St. Thomas	1,46	e
4,30	8,43	f	Grafton	2,22	e
5,45	7,20	f	Grand Forks	4,25	e
			Fargo		
13,90	5,40	e	Minneapolis	6,15	f
14,30	5,00	f	St. Paul	6,55	f

Ath.: Stafirnir f. og k. á undan og eptir vagnstöðvaheitunum þýða: *fara* og *koma*. Og stafirnir e og f á töludálkunum þýða: eptir miðdag og fyrir miðdag.

Dr. E. A BLAKELY,

lækna inn- og útvortis sjúkdóma. skrifstofa og íbúðarhús.

574½ - - - Main St.

Boots & Shoes!

M. O. Sw...n, *skósmiður.*

69 Ross St., Winnipeg.

Dominion of Canada.

Ábýlisjarðir ókeypis fyrir miljonir manna.

200,000,000 ekra

af hveiti- og beitilandi í Manitoba og Norðvesturlandinu í Canada ókeypis fyrir landnema. Djúpur og frábærlega frjósamur jarðvegur, nægð af vatni og skógi og meginhlutinn nálægt járnbrautum. Afrakstur hveitis af ekrunni 30 bush., ef vel er umbúið.

ÍHINU FRJÓVSAMA BELTI,

í Raudár-dalnum, Saskatchewan-dalnum, Peace River-dalnum, og umhverfisliggjandi sljettlendi, eru feikna miklir flákar af ágætasta skurlandi, engi og beitilandi—hinn viðáttumesti fláki í heimi af litt byggðu landi.

Málm-náma land.

Gull, silfur, járn, kopar, salt, steinolía, o. s. frv. Ómældir flákar af kolanámalandi; eldivilður því tryggður um allan aldur.

JÁRNBRAUT FRÁ HAFI TIL HAFS.

Canada Kyrrahafs-járnbrautin í sambandi við Grand Trunk og Inter-Colonial brautirnar mynda óslitna járnbraut frá öllum hafnstöðum við Atlanzhaf í Canada til Kyrrahafs. Sú braut liggur um miðhlut *frjósama beltisins* eptir því endilöngu og um hina hrikalegu, tignarlegu fjallaklassa, norður og vestur af Efra-vatni og um hin nafnfrægu *Klettafjöll* Vesturheims.

Heilnæmt loptslag.

Loptslagið í Manitoba og Norðvesturlandinu er viðurkennt hið heilnæmasta í Ameríku. Hreinviðri og þurrviðri vetur og sumar; veturinn kaldur, en bjartur og staðviðrasamur. Aldrei þoka og súld, og aldrei fellibyljir eins og sunnar í landinu.

SAMBANDSSTJÓRNIN Í CANADA

gefur hverjum karlmanni yfir 18 ára gömlum og hverjum kvennmanni sem hefur fyrirfamiliu að sjá

160 ekrur af landi

alveg ókeypis. Hinir einu skilmálar eru, að landnemi búi á landinu og yrki það. Á þann hátt gefst hverjum manni kostur á að verða eigandi sinnar ábýlisjarðar og sjálfstæður í efnalegu lilliti.

ÍSLENZKAR NÝLENDUR

Manitoba og canadiska Norðvesturlandinu eru nú þegar stofnaðar í 6 stöðum. Þeirra stærst er *NÝJA ÍSLAND* liggjandi 45—80 milur norður frá Winnipeg, á vestur strönd Winnipeg-vatns. Vestur frá Nýja Íslandi, í 30—35 milna fjarlægð er *ALPTAVATNS-NÝLENDAN*. báðum þessum nýlendum er mikið af ónumdu landi, og báðar þessar nýlendur liggja nær höfuðstað fylkisins en nokkur hinna. *ARGYLE-NÝLENDAN* er 110 milur suðvestur frá Wpg., *ÞINGVALLA-NÝLENDAN* 260 milur í norðvestur frá Wpg., *QU'APPELLE-NÝLENDAN* um 20 milur sunnar frá Þingvalla-nýlendu, og *ALBERTA-NÝLENDAN* um 70 milur norður frá Calgary, en um 900 milur vestur frá Winnipeg. Í síðasttöldu 3 nýlendunum er mikið af óbyggðu, ágætu akur- og beitilandi.

Frekari upplýsingar í þessu efni getur hver sem vill fengið með því að skrifa um það:

Thomas Bennett,

DOM. GOV'T. IMMIGRATION AGENT,

Eða **B. L. Baldwinson,** (*íslenzkur umboðsmaður.*)
DOM. GOV'T IMMIGRATION OFFICES.

Winnipeg, - - - Canada.

LEIÐRJETTING.

Í svarinu til Ásgeirs J. Lindal, sem kom út í 10. nr. „Lögb." 3. ár, eru tvö atriði sem fara sjerstaklega á milli mála hjá Sigfúsi Bergmann, eins og reyndar flest af því, sem á undan var komið frá honum, viðvíkjandi greinum Ásgeirs. Þessi tvö atriði eru: Búnaðarskýrslan og styrkurinn, sem Elisabet systir hans var veittur af opinberu fje.

Vegna þess að jeg er þessu máli vel kunnugur, álít jeg skyldu mína, gagnvart Ásgeiri, gagnvart lesendum Lögbergs, og jafnvel Sigfúsi sjálfum, að leiðrjetta það sem rangherm og ósatt er, í þessari áminnstu grein hans, þó mjer sje það allsekki ljúft að eiga í ritdeilum við óhlutvanda menn.

Sigfús getur þess viðvíkjandi hinni fyrirhuguðu búnaðarskýrslu, sem birtist í „Lögbergi" 9. októb. næstl. haust, að mismunurinn á henni og viðsingarbókinni komi af því, að „langur tími hafi liðið frá því eignir manna voru virtar og þangað til að hún var samin, og að „á þeim tíma" hafi gripafjöldi aukist með innflutningi og innkaupum.

Í Nýkýrslunni sjálfri stendur, „að hún sje yfir efnahag landa vorra í Garðar township eins og hann var í maímánuði", einmitt á *sama tíma* og virðing fór fram, eða kannske heldur fyrri, og sýnir þannig að „tíminn" sem Sigfús getur um, *var engin*, svo mismunurinn gat ekki orðið af þeirri ástæðu.

Jeg vil ekki ætla, að Sigfús hafi geymt þessa skýrslu í allt sumar er leið, til að bæta inní hana tölu á fjenaði þeim sem kann að hafa komið í byggðina á þeim tíma, án þess að draga frá, það, sem sett var út úr byggðinni á sama tíma, sem óefað yrði fleira, vegna þess að flestir af Íslendingum hjer hafa gripi til sölu, en fár kaupa.

Af hverju mismunurinn kemur á skýrslunni og virðingarbókinni, leiði jeg engar getur að, jeg læt mjer nægja að sanna, að hann kemur ekki til af því, sem Sigfús hefur tilgreint. Það er eins og honum sje svo nauða illa við, að sjá á prenti virðingarframtal byggðarinnar, að hann skoðar það hálfgerða æruskerðing fyrir Ásgeir að geta þess. Hvað honum annars gengur til þess, lætur hann vist engan vita. Það getur þó ekki verið, að hann þekki neitt ógerlegt við framtal Eiríks frænda sins.

Þá er hitt atriðið um fátækra styrk Elisabetar sál. Þar tekst Sigfúsi fyrst verulega upp að segja rangt frá, til að slá sjálfann sig til riddara, en ryki í augun á ókunnugum. Hann gefur í skyn, að þeir frændur hennar hafi ekki vitað um að henni var veittur fátækra styrkur, að sjera Friðrik, sem sa um meðalakaupin, hafi verið kominn burtu, og því hafi meðala-reikningurinn verið borgaður af County-inu eins og í ógáti, eða fyrir hugsunarleysi ættingja hennar, og að strax, sem sjera Friðrik hafi vitað þetta, sagt lyfsalanum að endurborga peningana.

Sannleikurinn er þessi: Í janúmánuði eða fyrri, bað einn af ættingjum Elisabetar—með ráði og vitund annara frænda hennar—John Johnson County Commissioner, að veita henni fátækra styrk, og fjekk hjá honum ávísun til borgunar hjá County-inu, fyrir þau meðul er nauðsynlega þurfti að kaupa handa henni. Samkvæmt þeiri ávísun sendi lyfsalinn í Milton reikning til Pembina County's fyrir $2,55 sem var lagður fram og borgaður 1. júlí næstliðið sumar, áður en Elisabet dó, og áður en sjera Friðrik fór burtu hjeðan, þetta var fyrir utan meðalareikning þann, sem Ásgeir getur um að County-ið hafi borgað í haust, og Sigfús tekur til greina í svari sínu, og sem lyfsalinn lagði fram eptir hinni fyr nefndu ávísun. Þegar sjera Friðrik hafði lesið grein Ásgeirs um Bergþursana, rann honum svo til rifja óvirðing sú, er þeir mundu af þessu hafa, að hann ritaði lyfsalanum í Milton og bað hann að skila peningunum aptur, en elga skuldina hjá sjer, því það væri vanheiður fyrir sig að láta County-ið borga slikt. Það lítur út fyrir að þessi sómatilfinning hafi verið steinsofandi í brjóstum þeirra frá því í júní 1889 og þangað til í febrúar 1890 að Ásgeir hafði opnað á þeim augun.

Allt þetta sýnist benda til þess, að skoðun hlutaðeigenda sje sú, að það geri ekkert til þó þeir aðhafist eitthvað sjer til vansæmdar, ef svo sem engir vita það, og þeir þess vegna geti haldið ýtra áliti sínu.

Mjer finnst tilhlýðilegt að geta þess hjer, að 2 fullorðnir fóstursynir Elisabetar sál., sem unnu henni eins og móður sinni, styrktu hana og aðstoðuðu allt sem þeir gátu, ekki einungis í hennar þungu banalegu, heldur frá því hún kom til þessa lands; auk þess, sem vandalausir, bæði kvennfjelagið og aðrir, hjálpuðu henni með peningagjöfum meðan hún lá veik.

Þó fann Sigfús enga köllun hjá sjer til að minnast þess. Þótti honum það of litilfjörlegt? Eða var hitt tilgangurinn að gera Elisabetu sál. sem mestan einstæðing í augum annara, til að auka heiður sjálfs sín og þeirra frænda, er þykjast hafa veitt henni svo mikla hjálp?

Það virðist annars vera nokkur hringlandi á hugsunum Sigfúsar: Í fyrri grein sinni til Ásgeirs, reynir hann af alefli að bera á móti því, að Íslendingum sje veittur County-styrkur, en í seinni grein sinni býr hann til slúðursögu, sem á að sanna hið gagnstæða.

Af því Sigfús virðist gera litið úr nafnlausu vottorðunum meðan við grein Ásgeirs, get jeg sagt honum að þau eru frá heiðarlegum mönnum hjer í nágrenninu, sem standa honum langtum ofar í því að bera sannleiknum vitni.

Það er langt frá, að jeg viljí skerða sóma þann, er Sigfús rykist hafa unnið sjálfum sjer, með þvi: að rita greinina: „Argur er sá sem engu verst", því, eptir þvi sem jeg kemst næst, er almenningsálitið, að þar sje ekki af miklu að má. Hvað góðan tilgang sem Sigfús kann að hafa haft, með þvi, að rita tjeða grein, þá voru meðulin sem hann brúkaði, ósannindi og skammir, allsendis óviðeigandi og ósæmileg. Þó sá skoðun að „tilgangurinn helgi meðalið", hafi verið ríkjandi í kirkjunni, þegar hún þóttist vinna guði þurgt verk, með þvi að ryðja þeim úr vegi, á öll-yfilegann hátt, sem gagnstæðir voru skoðunum hennar, þá virðist mjer ekki ástæða fyrir Sigfús, að reyna til að brúka sömu aðferð, þó hann aldrei sje nema sunnudagaskóla-kennari, og þaðan af síður ástæða til að ofmetnast af því.

Að síðustu vil jeg ráðleggja Sigfúsi að lja ekki optar hafu sitt undir greinar líkum þessum, heldur láta skömm skella þar sem hún á heima.

Jacob Lindal.

Ásent (frá Dakota.)

Ágrip af ræðu Senators „Voorhees" á þinginu í Washington 19. marz 1890.

Hann byrjaði á því að tala um hinn djúpa og harða straum af apturför, eymd og skuldum sem nú gnaðar á öllum bænda og vinnulýð í þessu landi. Það væru nú liðin næstum 30 ár síðan lögin hefðu lagt vopnin í hendur einstakra manna til þess að fljá og þrælka, svo fádæmum sætir, hinu mikla skara þjóðarinnar, sem offrar sjálfum sjer til þess að búa til allan auð þessa lands með þreyttum höndum og svo veitt andliti. Hann fullyrti að „verndartollurinn" sje bölvan landsins, og í því tilliti sagði hann að ekki væri að ræða um hugmynd eða getgátur, heldur um bjargfastar sannanir reynzlúnnar, sem jafnvel blindir menn gætu ekki efast um. Hann tók það fram, að bændur í Bandar. gætu nú selt „mais" aðeins fyrir 10—15 cents bush.; hveiti fyrir 50—60 cents; óg pundið í svínum fyrir 2—3 cts., og að sá tími gæti ekki verið langt í burtu að bændur hlytu að skoða aðferð stjórnarinnar, í því að leggja þungann skatt á allt það sem þeir, konur og þeirra og börn, þurfa til daglegs lifs, eins og ef að alríkisstjórnin gæfi út ráðstafanir til þess að gera herormin (Armyworm) og hveitimaðkinn (weevil) sem almennastan, og til þess að breiða út nautapestina og svínakóleru.

Sjerhvert umtal stjórnarinnar, að bæta kjör lýðsins væri ekkert annað en svik og tælingar. Það væri ómótmælanleg vissa, að núverandi „verndartollur" hætti 30-100% við allan kostnað bænda og hann gæti ekki trúað því, að hendur þeirra mundu snerta kosningarseðla republika við næstu forsetakosningar.

Hann sýndi með skýrzlum, að í staðinn fyrir að bændajarðir ættu stöðugt að hækka í verði í góðum árum í þessu sæla landi, hafi þær stigið niður að meðaltali á næstliðnum 28 árum um ⅓. Hann leiddi rök að því að nú væri ómögulegt að selja jarðir fyrir meira en ⅔ við það sem var hægt fyrir 28 árum. Á bænda jörðum í ríkinu Ohio, sagði hann að nú hvíli 300 milj. doll. veðskuldir; í ríkinu Illinois 402 milj. og í Michigan væri þetta enn þá verra. Þar væri að minnsta kosti 47% af öllu flatarmáli ríkisins, veðsett. Í ríkjunum Indiana, Kentucky, Missouri, Kansas, Iowa, Nebraska og í öllum norðvesturríkjunum væru frá 20 til 50 af hundraði, af öllum bændajörðum, undir veðskuldum, með svo þungum vöxtum að bændur geta ekki greitt þær af uppskerunni og en þá síður neitt af höfuðstólnum. Hann kom st að þeirri niðurstöðu að þúsundir bænda eru komnir að því að missa jarðir sínar og að vera reknir úr húsunum. „Þannig" sagði hann „getur hver maður sem hefur nokkra sjón, lesið starfsemi og afleiðingar „verndartollsins" um næstliðin 28 ár og sjeð, að lögin hafi eingöngu komið því til leiðar að hrúga saman hundruðum milj. dollars hjá þeim *fáu mönnum af þjóðinni sem þau hafa „verndað"*. Eunfremur minntist hann á hina núverandi takmarkalausu eyðslu Washingtonstjórnarinnar á þjóðarfje og sagði að hún minnti sig á *hóndina, sem ritaði á vegginn* í veizlu-höll „Baltsasar" konungs. Hann kvaðst líka óska og vona að *ríthöndin á veggnum* í veizluhöll Washingtonstjórnar mundi sjá eyðileggingu á ójafnaði þeim og rangleti sem nú væri þar haft í frammi og sem væri þverra í augum guðs og allra siðaðra og frjálsra manna en allar syndir Babilonar, þegar klæðnaður hennar var blóðraudur af svivirðingum.

FRJETTA-KAFLAR
ÚR BYGGÐUM ÍSLENDINGA.

Úr brjefi frá Seattle, Wash. 10. maí.

„Stórviðburðalitið er hjer hjá okkur Íslendingum, en flestum líður vel, og sumir jafnvel láta mikið yfir kostum þessa bæjar. En min skoðun er, að hann verði aldrei hentugur Íslendingum, bæði fyrir þá sök, að þó hjer sje mikil vinna nú, þá verður hún ekki til langframa, og hitt, að allt, sem þarf til lifsviðurhalds, er hjer fremur dýrt. Aptur á móti er jeg sannfærður um, að það yrði þeim til góðs, ef þeir gætu náð sjer í búland hjer á ströndinni. Það er hvorttveggja, að land hlýtur aðhækka í verði og það mikið innan fárra ára, og hitt, að uppskera bregst aldrei. Nú er líka tækifæri til að ná í land, því bæði má fá keypt land að Northern Pacific fjelaginu fyrir $6 ekrúna og svo verður innan skamms fásanlegur stór fláki sem heimilisrjettarland suður með ströndinni, ekki all-langt hjeðan".

MINNEOTA, MINN. 12. maí 1890

[Frá frjettaritara „Heimskringlu"].

Í byrjun þ. m. sáðist í Vesturbyggð Jón Svelnsson, fyrrum bóndi að Heiðarsell í Jökuldalsheiði, N. Múlasýslu, 10. þ. m. var safnaðarfundur haldinn í norðurbyggð; valdir embættismenn, ráðið gjöldum, ákveðinn sunnudagaskóli.

9. þ. m. var hjeraðsbænum lögsókn á milli Hermanns Vigfússonar og bankastjóra James Steels, útaf skuldabrjefi er H. V. seldi J. S. fyrir premur árum síðan fyrir hálfvirði; en er J.S. fór að krefja skuldarinnar af gefendum skuldabrjefsins, (sem voru Knut & John Sondre) neituðu þeir að borga, þá snerist hann aðseljanda brjefsins og bað hann að gera svo vel og borga, ella mundi hann stefna honum í lögmætri dómstefnu, en seljandi neitaði og svo að borga, kvað lögskveðinn áhyrgðartíma sinn, fyrir skuldabrjefinu útrunninn; fyrir dómi ónýtti lögm. verjanda málið fyrir sækjanda, svo að sækjandi verður að hefja á ný; verjandi er kátur yfir málalokum, segist aldrei skuli uppgefa vörn. F. R. Johnson fylgdi H. V. að máli; einn af löndum hans og fjel. bræðrum, dylgdi um það við ýmsa, að F. R. J. veitti H. V. fylgi sökum óvildar við J. S., máliið væri ranglega varið og það vissi hann dável. Enn allir eða flestir álita hlið verjanda rjetta og það er hún samkvæmt lögum.

Úr brjefi úr Argyle-byggð, 12. maí.

„Flestir eru búnir að sá hveiti sínu og víðast er það farið að koma upp. En þurvindarnir og frostið um nætur dregur mikið úr vexti þess. Allir eru samt glaðir og vonandi eptir góðri uppskeru í ár. Þess er þörf, því margir eru í örðugum kringumstæðum, er stafa af uppskerubrestinum síðastl. sumar.

VIKU-PÓSTAR.

Í borginni Winnipeg í Manitoba er ógrynni af 5 cents-munum. Þeir eru náttúrlega ekki allir mikilsviði. En 5 cts. er hin minnsta peningamynd, sem er algeng í borginni, verður hverr einn hlutur sem á annað borð er seldur, að kosta 5 cts. Auðvitað opt fjöldi smákorna sem heimtar þessa borgun. Mörg þjett efni eru seld í stykkjum sem kosta 5 sents; t.d. minnsta tóbaksplata, vindill, sápustykki, epli o. fl.—Sama er að segja um fljótandi efni: Bjórglas—sjerstakllega á „fimm-centa-Hótellinu"—kostar 5 cents; sömuleiðis „kaldir drykkir", litill ísmoli mjólkurpottur, m. m. fl.—Alveg er sama hlutfallið með andlegar vörur og eintak af ljelegum dagblöðum: allt kostar þetta 5 cts. 5 cents kostnað sá sá smákvikindi í stækkunargleri, 5 cts. að heyra vitlausan, ræmskákkann Indiana hlægja, og svo eru árlega á boðstólum í hundraðatali „Fimmcenta messur".

„Hvar er mannlifið á Islandi?".

Svar: „Það skagar langt, langt, ákaflega langt út úr þjóðlífinu".

Mikið er sjera Jensi hrósað. Og það undarlegasta—hann á það skilið!

„Vakir Guðrún!?", sagði Jón gamli Tómásson. Þannig er spurt enn í dag. Og hver sem ekki vakir í musterinu, er andlega stein-dauður.

VLADIMIR NIHILISTI.

Eptir
ALFRED ROCHÉFORT.
(Eggert Jóhannsson þýddi).

„Afsökun, herra greifi. Það eru einkarjettindi, eða öllu heldur einkenni okkar kvenna, er kemur fram sem einkarjettindi, að tala stundum án nægilegrar umhugsunar. Við ættum að reyna að vera viníjarnleg hvort við annað; við græðum svo ekkert á óvináttu".

Kiseleff greifi varð nú alveg dreyrauður í andlitinu af geðshræringu og fögnuði af að heyra þessi orð af vörum kvennmannsins, er hann var svo fjarska skotinn í. Hann snerist í hring, fjell á annað knje og kyssti og marg-kyssti hægri hönd hennar, og þakkaði henni fyrir þetta boð. Svo reis hann á fætur og hefði þá haldið áfram samræðunni, ef þjónn hefði ekki komið inn og kallað á Alexandrinu. Gekk þá greifinn út þangað, er þjónn hans stóð og hjelt í hest hans, og var nú mikið glaðari í geði og þar af leiðandi mikið betri maður að honum virtist, heldur en fáum augnablikum áður. Hann var í þann veginn að stiga á bak hestinum, þegar hann tók eptir bónda-anum með sauðskinnshúfuna, er þar stóð svo niðurlútur, að hann komst ekki lægra nema með því að skriða á fjórum fótum frammi fyrir hinum göfuga aðalsmanni!

„Þú hjer?"

„Já, aðalborni herra. Jeg, þjónn þinn þræll þinn, jeg kyssi fætur þína!" emjaði karl ámátlega.

„Skilaðirðu brjefinu til „governorsins" við útlagafangelsið?" spurði þá greifinn.

„Já, aðalborni herra!" Og hann tók mig í þjónustu og jeg er hjer að þakka fyrir þessa miklu hjálp".

„Lofaði hann þjer að lita inn í sjúkra húsið?"

„Já, aðalborni herra. Það er stórt hús, sterkt er fangahúsið samhliða því, og voldugur er keisarinn!"

„Sástu frú Ruloff og dóttir hennar?"

„Já, aðalborni herra! Sorgmædd er móðirin, en fögur er dóttirin, en fölt eins og tunglskin á íshreiðu".

„Hvað varðar mig um þetta rusl þitt vins með að þekkja dótturina eða eigi?"

„Já, aðalborni herra! hvar sem er og þó mörg ár liði hjá".

„Skrifarinn við fangelsið veit hvenær Elizabet fer út, því hún er frjáls, og hann hefur skipun um að láta þig fylgja henni"

„Já, aðalborni herra! Já"....

„Hlustaðu á mig, asninn þinn! Þú átt að fylgja henni eptir—og mundu að vera trúverðugur—og segja mjer hvert hún fer, hvað hún gerir, og ef mögulegt er, hvað hún talar". Um leið og hann sagði þetta, kastaði Kiseleff greifi sjer í söðulinn, fleygði peningi til karls og reiðst svo af stað. Og það leyndi sjer ekki að hann var meira en litið drjúgur af því, að þennan dag hafði hann verið settur aðstoðar foringi leynilögreglunnar, undir umsjón Ghourkós, hins alræmda hershöfðingja.

Lesarinn hefur eflaust lert að skyggnast undir larfa karlsins og þekkja að hann var enginn annar en Vladimir nihilisti, er nú stóð eptir, til þess Kiseleff var horfinn, en gekk svo hálfboginn og hrumlegur niður á „Litlu Neva" og þar inn í einn kjallara kæpuna og inn í einn klefann þar sem þeir Freehoff og Ruryk bíðu hans.

„Hvað er í frjettum?" spurði flokksforinginn þegar Ruryk hafði látið aptur og hallað sjer upp að hurðinni til enn meiri tryggingar.

„Góðar frjettir! Ægilegar frjettir!" svaraði Vladimir.

„Húsbóndi minn er þá laus!" sagði Ruryk spyrjandi.

„Ekki enn þá, Ruryk, ekki enn. En það verður bráðum, eins vist og að þú stendur þarna við hurðina". Svo sagði Vladimir frá viðtali sínu við Kiseleff og svo frá því, að hann hefði komið inn í sjúkrahúsið. „Jeg sá móður mína", sagði hann, „en hún var svo veik, að jeg þorði ekki að opinbera mig fyrir henni og hjelt því áfram að leika karlinn, þó mjer finndist hjarta mitt ætla að springa af því að mega ekki taka hana í faðm minn og kyssa hana. En jeg opinberaði mig fyrir Elizabetu".

„Hvað varð henni við", spurði Freehoff.

„Hún er hetja og ber sig eins og hetja. Í nótt tek jeg til vinnu og verð aukavörður, og meðal annara klefa undir minni umsjón er einmitt sá sem prinzinn er í. Og Kiseleff hefur skipað mjer að fá hann til að tala, og ef mögulegt er að brjóta fangelsisreglurnar!"

„Hvaða gagn ætli hann hugsi sjer að hafa af því?" spurði Freehoff.

„Jeg hef verið að þreyta við þá spurningu sjálfur, og þetta er svar mitt upp á hana: Ef sá litilfjörlegasti og lítilegasti af varðmönnunum—og herrann einn veit að þeir eru allir nógu níðlegir—hefur nokkuð á móti prinzinum að segja, verður hann settur í einn hinn neðsta kjallara-klefann, þar sem loptið er gegneitrað og ekkert nema raki og óþverri og það er enginn efi, að Kiseleff þá vonast eptir að hann deyi þar áður en rannsóknin verður hafin".

„En" sagði Ruryk með ákafa, en þó í hálfum hljóðum, „þú getur leyst hann undir eins".

„Ekki undir eins, Ruryk, enda er það ekki til neins, því hann færi hvergi. Við verðum að bíða til þess hann er dæmdur til lifláts".

„Til lifláts!" endurtók Freehoff og kiptist upp úr sætinu.

„Já! Þannig er fastákveðið. Við verðum þess vegna að annast um að allt sje undirbúið fyrir flóttann, og í því efni verður Mr. Cushing okkar öruggasti meðhjálpari; jeg hef talað um það við hann. Annars er nógur timi til að tala um þetta".

„Það er hættuleg rulla þetta, sem þú ert að spila", sagði Freehoff.

„Satt er það. En jeg er líka hættulegur maður, svo hún hæfir mjer".

„Vladimir stökk á fætur og snaraði á sig gerfi gamla mannsins og það svo snögglega, að fjelögum hans varð hverft og ekki trútt að Ruryk skyti skelk í bringu, sem, eins og allir Kósakkar, var talsvert hjátrúarfullur.

„Hjerna, Ruryk", sagði svo Vladimir, „er hin síðasta gjöf Kiseleffs greifa. Útvegaðu okkur vin fyrir hana".

„Nei, svo hjálpi mjer hamingjan! Jeg snerti ekki hans gull", svaraði Ruryk og færði sig fjær.

„Nei", svaraði Vladimir hlæjandi, „það er ekki hans gull lengur. Það er mitt nú og upphaflega var það keisarans, og því til sönnunar ber það enn þá hans mynd og yfirskript. Sjáðu bara til".

Ruryk ljet þá tilleiðast og sótti vinið. Eptir að hafa drukkið skildi Ruryk við þá kapteininn og Vladimir og gekk til fjelaga sinna í herbúðunum, því hann hafði gengið í þjónustu hjá Freehoff

„Jæja, hvert heldur þú nú að sje verra, drottinsvik nihilistanna eða harðstjórn einvaldsins?" spurði Vladimir, er hann var einn eptir hjá Freehoff.

„Það er um engan meðalveg að kjósa, um ekkert að gera nema útrýmlelk annars flokksins og járnhönd hins. Fyrir mitt leyti vildi jeg helzt óskja að þúsundir milna lægju á milli mín og Rússlands og að jeg væri á leiðinni til landsins frjálsa fyrir handan hafið", svaraði kapteininn þreytulega.

(Framh.)